

Nefndasvið Alþingis  
velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 4. desember 2014  
1412001 IE

**Efni:** Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl.

Með tölvubréfi föstudaginn 28. nóvember 2014 var Jafnréttisstofa boðuð á fund velferðarnefndar Alþingis þriðjudaginn 2. desember kl. 9:00 til þess að ræða um frumvarp til breytinga á lögum um verslun með áfengi og tóbak og fleiri lögum, mál nr. 17, þskj. 17, lþ. 144. Frumvarp þetta lýtur að því að gefa sölu á áfengi frjálssa.


Jafnréttisstofa hafði ekki fengið frumvarpið til umsagnar en var gefinn kostur á því að senda inn skriflega umsögn um frumvarpið, í síðasta lagi 5. desember 2014.

Því miður hefur Jafnréttisstofa ekki tók á að fara yfir málið með ítarlegum hætti eins og æskilegt hefði verið innan þess stutta frests sem gefinn var. Jafnréttisstofa en vill þó koma eftirfarandi á framfæri:

Jafnréttisstofa bendir á að rannsóknir sýni fram á skaðsemi áfengis. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) segir að eitt af því mikilvægasta sem þurfi að gera til að efla lýðheilsu sé að draga úr áfengisneyslu. Sjá stefnu WHO hér: [http://www.who.int/substance\\_abuse/msbalcstrategy.pdf](http://www.who.int/substance_abuse/msbalcstrategy.pdf) Í IV viðauka er jafnframt fjallað um hvernig tengsl séu á milli áfengisneyslu og heimilisofbeldis gegn konum og börnum. Aukið aðgengi að áfengi er líklegt til að leiða til aukinnar neyslu, enda er ráð fyrir því gert í greinargerð með frumvarpinu, sjá kaflann *Áhrif á neyslu*. Í *Rannsókn á ofbeldi gegn konum* sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd gerði árið 2010 kemur fram að ljóst sé að áfengisneysla sé þáttur sem tengist ofbeldi gegn konum. Í stefnu í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020 er eitt af yfirmarkmiðum að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímuefnum. Að auka aðgengi að áfengi með þeim hætti sem með frumvarpinu er lagt til væri í beinni andstöðu við gildandi stefnu.

Með vísan til ofangreinds telur Jafnréttisstofa að það eigi ekki að gera frumvarp þetta að lögum.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir  
lögfræðingur